

BÓKASAFN DAGSBRÚNAR

STEFNA 2021-2023



Bráðabirgðastjórn Bókasafns Dagsbrúnar

BÓKASAFN DAGSBRÚNAR

AÐFARARORD	2
 I Bókasafn Dagsbrúnar stefna 2021–2023	3
Saga safnsins	4
Um safnið	4
Hlutverk.....	5
Stjórnun safnsins.....	5
Hlutverk stjórnar	6
Starfsmaður.....	6
Safnkostur	7
Aðföng, stefna.....	8
Grisjun	10
 II Bókasafn Dagsbrúnar aðgerðaáætlun 2021–2023	12
Markmið og leiðir 2021–2023.....	13
Aðgerðir	15

AÐFARARORÐ

Bókasafn Dagsbrúnar, sérfræðisafn um íslenska verkálýðshreyfingu og vinnumarkað er í eigu Eflingar – stéttarfélags og hefur frá árinu 2004 verið í umsjón ReykjavíkurAkademíunnar. Safnið er hið eina sinna tegundar á Íslandi og gegnir meðal annars hlutverki þekkingarmiðstöðvar með áherslu á atvinnulífsrannsóknir og sögu og þróun verkálýðshreyfingarinnar á Íslandi.

Samkvæmt samkomulagi Eflingar – stéttarfélags og ReykjavíkurAkademíunnar skal skipa safninu þriggja manna stjórn sem mótar stefnu þess og hefur umsjón með faglegum málum. Um nokkurt skeið hefur engin stjórn verið starfandi og dagleg umsjón bókasafnsins verið á hendi framkvæmdastjóra RA og því var haustið 2020 skipuð bráðabirgðastjórn með það hlutverk að vinna nýja stefnu bókasafnsins og útbúa aðgerðaáætlun til þiggja ára þar sem tilgreind eru þau verkefni sem ráðast þarf í, eigi Bókasafn Dagsbrúnar að eflast og dafna. Tilgangurinn var að auðvelda stjórnnum Eflingar – stéttarfélags og ReykjavíkurAkademíunnar að öðlast yfirsýn yfir starfsemi og hlutverk bókasafnsins og að auðvelda stjórn Bókasafns Dagsbrúnar 2021–2023 sín störf.

Niðurstaða bráðabirgðastjórnar birtist í þessarar skýrslu sem skipt er upp í tvo hluta, stefnu Bókasafns Dagsbrúnar 2021–2023 og aðgerðaáætlun sem nær yfir sama tíma. Auk þess fylgja Bókasafnslög nr. 150/2012 með í viðauka.

Við gerð þessa plaggs var byggt á markmiðum samnings milli Eflingar – stéttarfélags og ReykjavíkurAkademíunnar sem fyrst var undirritaður árið 2015 en endurnýjaður óbreyttur í lok árs 2017. Auk þess voru til hliðsjónar ýmsar hugmyndir fyrri stjórna og starfsmanna bókasafnsins sem og bókasafnslög nr. 150/2012 og greinargerð Óskars Völundarsonar frá árinu 2016 um fræðilegt og menningarlegt gildi Bókasafns Dagsbrúnar. Þá var leitað í rann Bókasafnsnefndar Félags ReykjavíkurAkademíunnar sem var valin á aðalfundi félagsins árið 2018 til þess að skoða stöðu bókasafnsins.¹

Reykjavík, 16. apríl 2021

Bráðabirgðastjórn Bókasafns Dagsbrúnar

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir

framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar

skjalastjóri Eflingar – stéttarfélags

¹ Nefndina skipa Ingunn Ásdísardóttir, Arnþór Gunnarsson og Þorleifur Hauksson.

I
Bókasafn Dagsbrúnar
stefna 2021–2023

Saga safnsins

Bókasafn Dagsbrúnar var stofnað 26. janúar 1956 á 50 ára afmæli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.² Þann dag gaf Guðrún Pálsdóttir, ekkja Héðins Valdimarssonar fv. formanns Dagsbrúnar og fyrsta formanns Sósíalístaflokksins, félaginu bókasafn þeirra hjóna til minningar um Héðin.³ Stofn safnsins eru bækur Héðins sem var öflugur bókasafnari auk þess sem hluti bóka er kominn úr eigu foreldra hans, Valdimars Ásmundssonar ritstjóra og Bríetar Bjarnhéðinsdóttur sem lengi var formaður Kvenréttindafélags Íslands.⁴

Bókasafnið var opnað almenningi í félagsheimili múrara og rafvirkja að Freyjugötu 27 í Reykjavík þann 10. desember 1960 og var frá upphafi ætlað að starfa í þágu almennings og eigenda sinna. Þá voru 3.415 bækur skráðar í safninu. Eftir það var safnið til húsa á ýmsum stöðum í Reykjavík, lengst af í húsakynnum Dagsbrúnar við Lindargötu og síðar í Skipholti. Safninu var frá upphafi sýndur verðugur sómi og natnir bókaverðir gerðu spjaldskrá um safnkostinn að þeirra tíma hætti. Safnið var opið félagsmönnum Dagsbrúnar sem og öðrum til skoðunar og afnota um árabíl. Á endanum lenti það þó á hrakhólum og endaði í kössum og geymslu eftir að Dagsbrún, sem þá hét Efling – stéttarfélag, flutti árið 2000 í Guðrúnartún 1, í Reykjavík.

ReykjavíkurAkademían tók við umsjón og daglegum rekstri safnsins með samningi við Eflingu – stéttarfélag, 27. nóvember 2003. Þann dag var safnið opnað fræðimönnum og almenningi í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar í JL-húsinu við Hringbraut í Reykjavík. Þaðan flutti safnið síðla hausts 2014 í ný húsakynni ReykjavíkurAkademíunnar á 4. hæð Þórunnartúns 2 og opnaði á nýjan leik í lok janúar 2015. Sumarið 2020 var bókasafnið flutt á 1. hæð sömu byggingar til þess að auka aðgengi og sýnileika safnsins og bæta varðveisluskilyrði fágætustu bóka. Einnig var markmiðið að bæta vinnuaðstöðu starfsmanns safnsins og gesta þess. Safnið enduopnað í lok febrúar 2021 rétt rúmum 65 árum eftir að Guðrún Pálsdóttir afhenti Verkamannafélaginu Dagsbrún gjöfina góðu. Formlegri opnun var þó frestað vegna Covid-19.

Um safnið

Bókasafn Dagsbrúnar er sérfræðisafn, vísinda- og rannsóknarsafn um íslenska verkálýðshreyfingu og vinnumarkað, það eina sinnar tegundar á landinu. Þá er safnið almennt fræðibókasafn í hug-, hag- og félagsvísindum og handbókasafn fyrir ReykjavíkurAkademíuna. Safnið starfar í samræmi við bókasafnslög nr. 150/ 2012 og leggur áherslu á varðveislu og miðlun efnis sem tengist hlutverki safnsins.⁵

² Verkamannafélagið Dagsbrún, https://is.wikipedia.org/wiki/Verkamannaf%C3%A9lagi%C3%B0_Dagsbr%C3%BAn

³ Héðinn Valdimarsson, https://is.wikipedia.org/wiki/H%C3%A9%C3%B0inn_Valdimarsson

⁴ Valdimar Ásmundsson, https://is.wikipedia.org/wiki/Valdimar_%C3%81smundsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, https://is.wikipedia.org/wiki/Br%C3%ADet_Bjarnh%C3%A9%C3%B0insd%C3%B3ttir

⁵ Bókasafnslög nr. 150/2012. www.althingi.is/lagas/nuna/2012150.html. Sjá einnig í viðauka þessarar skýrslu.

6. gr bókasafnslaga

Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.

Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.⁶

Bókasafn Dagsbrúnar er staðsett á 1. hæð í Þórunnartúni 2 og er opið á auglýstum tímum. Á safninu er góð vinnuaðstaða fyrir þá sem rannsaka þróun verkalyðshreyfingar, velferðarkerfis og íslensks atvinnulífs. Mögulegt er að fá leigða tímabundna vinnuaðstöðu á bókasafninu.

Í safninu eru fjölmörg fræðirit um vinnumarkað og atvinnulífið frá fyrri tíð. Allt efni safnsins er skráð í gagnagrunninn Gegni sem rekinn er af Landskerfi bókasafna og leitarbært í gegnum vefgáttina www.leitir.is.⁷ Gögn safnsins eru ekki lánuð út en félagar í ReykjavíkurAkademíunni sem hafa skrifstofur á staðnum hafa fengið bækur að láni innanhúss. Hægt er að fá gögn safnsins skönnuð.

Lögð er áherslu á góða þjónustu við notendur og aðgang að rafrænum gagnasöfnum, bókum og tímaritum á sérsviði safnsins. Starfsmaður safnsins veitir ráðgjöf og aðstoð við upplýsinga- og heimildaleitir, millisafnalán, notkun gagna-, tímarita- og rafbókasafna, annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi og fleira.

Hlutverk

Bókasafn Dagsbrúnar er almennt fræðibókasafn og er markmiðið með starfsemi safnsins m.a. að gegna hlutverki þekkingarmiðstöðvar með sérstaka áherslu á atvinnulífsrannsóknir og rannsóknir á sögu og þróun verkalyðshreyfingar á Íslandi.

Stjórnun safnsins

Safnið er í eigu Eflingar – stéttarfélags og rekið af ReykjavíkurAkademíunni sem sjálfstæð rekstrareining. ReykjavíkurAkademían hefur umsjón með safninu og ber ábyrgð á varðveislu þess og rekstri.

⁶ Pistill Þorvalds S. Helgasonar, www.ruv.is/frett/2020/09/06/bokasafnid-er-hogvaert-utopiskt-og-anarkiskt?fbclid=IwAR0cGzInWnhq4n81lIlldgO51WuAU5w5y5J7D-MgwY2eQqyDyrtjRjrxY

⁷ Á árinu 2005 var byrjað að tengja eintök í Gegni sem rekinn er af Landskerfi bókasafna. Gerði safnið samning við fyrirtækið um aðgang að kerfinu á hagstæðum kjörum (bókasafnið greiðir fjórðung venjulegs mánaðargjalds fyrir aðild að kerfinu).

Í faglegri stjórn bókasafnsins sitja þrír einstaklingar, skipaðir til þriggja ára í senn. Einn er skipaður af ReykjavíkurAkademíunni, annar frá Eflingu – stéttarfélagi, skipaður af stjórn Eflingar, og sá þriðji tilnefndur með samkomulagi beggja aðila. Formaður stjórnar er kosinn af stjórn á fyrsta fundi hennar. Þá skiptir stjórn með sér verkum. Fagleg stjórn Bókasafns Dagsbrúnar hittist reglulega og aldrei sjaldnar en tvisvar á ári. Formaður kallar saman fund.

Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar starfar náið með stjórn safnsins. Hann situr fundi hennar, starfar með henni að því að tryggja fjármagn til einstakra verkefna og vinna að rannsóknum og miðlun. Hann er tengiliður milli faglegrar stjórnar bókasafnsins og stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar.

Hlutverk stjórnar

Fagleg stjórn safnsins mótar stefnu þess og fylgist með því að henni sé fylgt. Stjórnin gerir árlega starfsáætlun þar sem fram koma helstu áherslur í starfinu auk fastra og skilgreindra verkefna. Að starfsári loknu skilar stjórn skýrslu um starfsemina til beggja stjórna RA og Eflingar – stéttarfélags. Þá skipuleggur stjórn vinnu starfsmanns safnsins í samráði við framkvæmdastjóra RA.

Enn fremur skipuleggur stjórn ný verkefni, skrif greinagerða og vinnur að því í samvinu við framkvæmdastjóra RA að afla safninu styrkja til rannsókna á sviði verkalýðsmála og atvinnulífs og að skipulagningu ráðstefna og opinberra fyrirlestra í nafni Bókasafns Dagsbrúnar, s.s. árlegan Dagsbrúnarfyrirlestur.

Fundargerðir og önnur gögn tengd starfsemi stjórnar eru varðveitt í skjalasafni bókasafnsins.

Starfsmaður

Hjá Bókasafni Dagsbrúnar starfar bókasafns- og upplýsingafræðingur. Starfsmaðurinn er ráðinn af ReykjavíkurAkademíunni og byggir ráðningin eingöngu á faglegum sjónarmiðum. Starfsmaðurinn skal vera menntaður bókasafns- og upplýsingafræðingur, búa yfir yfirsýn og þekkingu á sérsviði safnsins og hafa til að bera færni og áhuga á því að efla og bæta aðgengi fræðimanna og almennings að gögnum um atvinnu- og verkalýðssögu á Íslandi.

Auk viðveru á opnunartíma safnsins og þjónustu við gesti þess þá eru helstu verkefni starfsmannsins umsjón með aðföngum, söfnun þeirra og skráningu, sem og grisjun, umsjón og uppfærsla vefsíðu og skönnun gagna. Einnig kynning safnsins og safnkosts þess, gerð þemasýninga á safninu og/eða vefsíðu þess. Einnig hefur starfsmaður umsjón með opnum aðgangi, millisafnalánum⁸ og sér um upplýsingaþjónustu, eins og aðstoð við heimildaleit, námskeið og kynningar á leitarmöguleikum. Þá vinnur starfsmaður með stjórn safnsins að verkefnum hennar og að því að leysa þau mál sem upp kunna að koma.

⁸ Innlend söfn (almennings, háskólarnir og sérfræðisöfn (stofnanir, ráðuneyti)) eru með samning sín á milli um millisafnalán þar sem þau lána safnkost sín á milli frítt.

Safnkostur

„Meginstofn safnsins hefur verið fenginn að gjöf, stundum frá höfundum eða útgáfufélögum en aðallega frá einstaklingum. Stærsta gjöfin kom frá Þóri Daníelssyni fyrrum safnverði eftir andlát hans árið 2008. Meðal annarra einstaklinga sem hafa gefið safninu stórar gjafir í gegnum árin eru Geir Jónasson, Ásta Björnsdóttir ekkja Þorsteins Finnbjarnarsonar, Eyjólfur R. Árnason, Runólfur Björnsson, Guðrún Bjarnadóttir, Skúli Skúlason og Ágústa Jónsdóttir, Ásgeir Pétursson og Dýrleif Árnadóttir, dánarbú Sverris Kristjánssonar, Eðvarð Sigurðsson, Selma Hannesdóttir og Þorvaldur Þorvaldsson.“ Þá var hluti af bókakosti Félags bókagerðarmanna gefinn safninu og skráður í Gegni. Til er skrá yfir hvaða bækur þetta eru.⁹ Hjá safninu eru varðveittar aðfangabækur árána 1953–1998.¹⁰

Safnkosturinn er upphaflega og að miklu leyti, tengdur atvinnusögu og sögu verkalýðsbaráttu á Íslandi, einnig stjórnmálasögu og þá sérstaklega sögu sósíalista og kommúnista og svo sögu Íslands. Bókasafn Héðins Valdimarssonar myndar stofn safnsins og er þar að finna fágætar bækur úr eigu foreldra hans, Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og Valdimars Ásmundssonar, m.a. safn af 18. aldar prenti og talsvert af efni tengt kvenréttindabaráttu. Þessum bókum er sérstaklega haldið til haga.

Þá eru í safninu dagblöð, tímarit, bækur og önnur gögn tengd verkalýðshreyfingunni og sósíalisma. Þar er t.d. að finna dagblöðin *Alþýðublaðið* (heildstætt safn) og *Þjóðviljann*, öll helstu íslensku fréttablöðin og tímarit frá ofanverðri 19. öld og fram á 20. öld, Stjórnartíðindi, auk fjölda fréttabréfa, bæklinga og smáprents frá verkalýðshreyfingu og stjórnmálaflokkum sem sumt er ekki til á öðrum söfnum. Einnig eru ýmsar skýrslur og ritgerðir er varða verkalýðshreyfinguna, atvinnulífið og önnur þjóðfélagsmál í safninu. Þar er einnig mikið um skáldsögur, íslenskar og erlendar.

Stærsti hluti safnkostsins eru bækur frá 20. öld, almennt safn innlendra og erlendra rita sem bera pólitískri áherslu vitni. Alþjóðleg saga verkalýðsbaráttunnar speglast í verkum um og eftir frumkvöðla marxismans. „Það ber hins vegar sáralítið á titlum um erlend ríki sem ekki voru á bandi kommúnista á 7. áratugnum. Bandaríkin og Vestur-Evrópa eru t.d. lítt áberandi í aðfangaskránni. Breiddin í efnisvali er ekki mikil.“¹¹

Safnið spannar þó mun víðara svið og er í reynd alhliða safn um íslensk þjóðfélagsmál á 20. öld. Eftir að ReykjavíkurAkademían tók við rekstri safnsins árið 2003 hefur efni á sviði hug- og félagsvísinda aukist mikið og þá sérstaklega handbækur ýmiskonar. Einnig hefur sú venja skapast að félagar ReykjavíkurAkademiunnar gefi Bókasafni Dagsbrúnar eintak af þeim ritum sem gefin er út eftir þá. Þá hefur Hagþenkir gefið safninu hluta þeirra fræðibóka sem árlega berast félaginu.

Í safninu eru nú (mars 2021) 8.946 titlar skráðir í bókasafnskerfið Gegni (www.leitir.is), þar af eru á sjöunda hundrað tímarit. Skráningu bókasafnsins er að mestu lokið þó eitthvað sé til af óskráðu

⁹ Hólf: Bókasafn Dagsbrúnar – saga. Hefti: Skrá yfir gjafabækur frá Félagi bókagerðarmanna til Bókasafns Dagsbrúnar.

¹⁰ *Skrifstofa Bókasafns Dagsbrúnar*. Aðfangabók I (1959-1975). // Aðfangabók II (1975- ca. 2000). // Hólf: Bókasafn Dagsbrúnar – saga. Græn mappa. „Bókasafn Dagsbrúnar. Aðfangaskrá. SKR1212.DOC“.

¹¹ Óskar Völundarson, bls. 5

smáprenti og áróðursritum. Þá eru í vörslu Eflingar um 3.000 bækur á nokkrum tungumálum m.a. á esperantó, ensku, þýsku, norðurlandamálum og rússnesku. sem eru óskráðar í Gegni. Fyrri starfsmenn safnsins telja bækurnar gamlar og líklegt að eftirspurn eftir þeim væri mikil.¹² Á vef Bókasafns Dagsbrúnar safnsins er birtur einfaldur [listi yfir þessar bækur](#) til að auðvelda fræðimönnum að nota þær.¹³

Aðföng, stefna

Á fundum eiganda og rekstraraðila safnsins árið 2015 var rætt um að skoða þyrfti safnið sem menningararf áður en farið yrði í miklar breytingar á því. Að baki verkefninu stóð faghópur sem í sátu Sigurjón Baldur Sigurjónsson nú prófessor í safnafræði við HÍ, Davíð Ólafsson aðjúnkt í menningarfræðum við HÍ og sjálfstætt starfandi fræðimaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent við Hugvísindadeild HÍ og Sumarliði R. Ísleifsson lektor við sömu deild. Óskar Völundarsson var ráðinn til þess að vinna verkið sumarið 2016 og skilaði hann þá um haustið greinargerð um fræðilegt og menningarlegt gildi bókasafnsins. Þar er vel farið yfir sögu bókasafnsins og þær forsendur sem hafa mótað bókakost þess frá stofnun safnsins árið 1956. Óskar segir að áður en safnið kom í umsjón Akademiunnar hafi áherslan verið pólitískari en hún er í dag. Einnig að þar sem meirihluti safnsins sé fenginn með gjöfum þá hafi þær haft meiri áhrif á bókakostinn en hugmyndir eigenda og bókavarða.¹⁴ Orðrétt segir Óskar:

Sé sú aðfangaskrá [RA] borin saman við fyrri aðföng sést skýr afstöðumunur: Þó nokkrar bækur séu tileinkaðar verkalýðshreyfingunni sér hvergi merki skýrrar pólitískrar afstöðu og prentaðar frumheimildir um kaup og kjör verkamanna eru engar. Hér um bil allir nýir titlar eru prentaðar eftirheimildir, í samræmi við hugmyndir um að koma upp handbókasafni á almennum fræðiritum. Að vanda berast reglulega bókagjafir, en starfsmenn bókasafnsins hafa einnig sóst eftir því að fræðimenn að störfum hjá ReykjavíkurAkademíunni gefi fullkláruð verk sín til safnsins, og gildir þá einu hvort þau eru á sviði atvinnu- og verkalýðssögu eða fjalli um önnur efni. Lítið hefur verið keypt gagngert inn á safnið síðan 2005.¹⁵

Í umfjölluninni bendir Óskar á veikleika safnsins en einnig þau tækifæri sem hann telur að séu falin í rannsóknnum á menningarlegri tilurð bókasafnsins sem má nálgast í gegnum aðfangabækur safnsins. Þá telur hann að tækifæri séu falin í uppbyggingu rannsóknarmiðstöðvar fyrir almennari rannsóknir á

¹² Í fundargerð frá fundi með stjórn Eflingar og RA á árinu 2015 kemur eftirfarandi fram: „Enn eru 3 bretti af bókum í vörslu Inga Ingasonar sem flutti safnið úr JL húsinu. Þessar bækur hafa ekki verið skráðar í Gegni.is en finna má upplýsingar um þær á vefsíðu safnsins undir „Bráðabirgðarskrá“. Ingi hefur geymt þessar bækur ókeypis til þessa en gert er ráð fyrir að kostnaður við þá geymslu verði 4.000.- á bretti/pr. mán. samanlagt 12.000.- á mánuði, fljótlega.“

¹³ Frá árinu 2016 hefur einn aðili beðið um að fá að skoða bók úr þessari skrá.

¹⁴ Óskar Völundarson, Bókasafn Dagsbrúnar. Greinargerð um fræðilegt og menningarlegt gildi. Nóvember 2016. bls. 8

¹⁵ Óskar Völundarson, Greinargerð, bls. 8

sérsviði safnsins, þ.e. atvinnu- og verkalýðssögu.¹⁶ Þar tekur Óskar undir hugmyndir fyrri fagstjórna safnsins og starfsmanna.

Til þess að viðhalda gildi safnsins er mikilvægt að leggja á næstu árum alúð í að byggja markvisst upp safnkost safnsins á sviði atvinnu- og verkalýðssögu og grisja úr safninu bækur sem falla utan þessa sviðs. Sú vinna þarf að fara fram á faglegum forsendum og byggja á aðfangastefnu sem samþykkt er af eigendum safnsins.

Skipulögð söfnun

Ekki er raunhæft að safnið eigi allar bækur um það efni sem það velur að safna og mikilvægt er að hafa í huga að söfnun er aldrei lokið eða að verkefnið sé svo stórt að ekki sé hægt að hefja söfnun. Með ákveðinni sýn á hverju skal safnað er komið í veg fyrir kostnaðarsama söfnun, skráningu og varðveislu efnis sem fellur utan hlutverks safnsins og söfnunarstefnu. Það er mikilvægt verkefni að bókasafnið afli gagna frá samtökum launþega og atvinnurekenda og byggji þannig upp gott og sérstætt rannsóknarbókasafn um atvinnulíf og vinnumál. Fylgjast þarf með útgáfu á vegum verkalýðshreyfingarinnar og rannsóknastofnana erlendis, sérstaklega á Norðurlöndum. Einnig þarf að afla safninu bóka sem gefnar eru út á fræðasviði safnsins og koma á virku samstarfi við önnur bókasöfn um þá söfnun þar sem Bókasafn Dagsbrúnar tekur sér stöðu meðal safnanna sem sérfræðisafn um atvinnulíf og vinnumál. Á þann hátt má gera ráð fyrir að efni sem nú vantar muni berast safninu á einfaldan og ódýran hátt.¹⁷ Það sést á núverandi bókakosti að bækur hafa sjaldan verið keyptar inn til safnsins þótt safnið kaupi nokkur tímarit í áskrift.

Með uppbyggingu vefsíðu safnsins verður lagður grunnur að rafrænni söfnun og miðlun á heimildum og rannsóknnum sem varða þá sögu sem safninu er ætlað að varðveita. Þar yrði m.a. safnað tenglum á rafrænar útgáfur en einnig yrði skannað inn efni og ritaðar upplýsingar sem því tengjast. Best væri að afrit af rafrænum útgáfum væru vistaðar hjá safninu enda hið rafræna umhverfi flóktandi auk þess sem mikil vinna felst í því að viðhalda tenglum.

Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort hefja eigi söfnun bóka um kynjafræði í víðtæku samhengi (kyn, kynhneigð, aldur, trú, litarháttur, færnishömlun). Grunnur slíkrar söfnunar er sögulegur þar sem bækur úr safni Bríetar Bjarnhéðinsdóttur eru varðveittar í safninu. Auk þess er skýr snertiflötur milli sögu verkalýðsbaráttunnar og baráttu minnihlutahópa. Þá hefur safninu boðist að varðveita bækur dr. Þorgerðar Þorvaldsdóttur sagn- og kynjafræðings sem frá upphafi starfaði við ReykjavíkurAkademíuna og við Bókasafn Dagsbrúnar og lést langt fyrir aldur fram í lok júlí 2020.

Bókagjafir

Félagar í ReykjavíkurAkademíunni hafa flestir hverjir gefið safninu eintak af verkum sínum og Hagþenkir gefur árlega bækur til safnsins.

¹⁶ *Skrifstofa Bókasafns Dagsbrúnar*. Hólf: Bókasafn Dagsbrúnar – saga. Græn mappa. „*Bókasafn Dagsbrúnar. Aðfangaskrá. SKR1212.DOC*“, Óskar Völundarson, bls. 9.

¹⁷ Þessi hugmynd er byggð á tillögu Rögnu Steinarsdóttur sviðstjóra Landsbókasafns – Háskólasafns

Bókasafnið tekur við hreinum og vel með förunum bókum og heimildum/gögnum frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum allt árið um kring. Safnið áskilur sér rétt til að grisja úr gjöfum og taka eingöngu inn í safnið samkvæmt aðfangastefnu þess. Safnið áskilur sér einnig þann rétt að ákveða staðsetningu, útlán og grisjun á bókagjöfum. Ekki er tekið við gömlum alfræðiritum, orðabókum eða skáldsögum eða bókum sem falla utan hlutverks safnsins.

Móttaka stærri gjafa til safnsins er gerð í samráði við eiganda þess.

Grisjun

Nauðsynlegt er að grisja úr safninu, bækur og annað efni sem er úrelt, samræmist ekki hlutverki safnsins, er ekki hluti af stofngjöfni og ólíklegt er að muni nýtast til rannsókna á sögu verkalýðshreyfingarinnar. Slík vinna byggir á skilgreindri stefnu og er hluti af daglegu starfi bókasafns- og upplýsingafræðings. Markmið grisjunar er að skapa pláss fyrir nýtt efni. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ekkert bókasafn getur varðveitt allt efni á sínu sérsviði og að þörfin fyrir slíka söfnun hefur minnkað eftir að bókasöfn hófu skráningu í sameiginlegan gagnagrunn (Gegni) sem gefur yfirsýn yfir hvar efnið er staðsett auk þess sem innskönnun eldra efnis, bóka og tímarita, hefur gert ýmislegt efni aðgengilegra en áður. Með millisafnaláni er hægt að fá efni annara safna lánað tímabundið. Í dag er því mikilvægt að bókasöfn bjóði upp á góða þjónustu og aðstoð við að afla upplýsinga um hvar bækur og heimildir eru niðurkomnar og aðstoð og kennslu við að leita að því í gagnagrunnum og á netinu.

Frá árinu 2015 hafa stjórnir Eflingar og RA, sem og starfsmenn bókasafnsins, rætt sín á milli um að grisja þurfi safnkostinn, sérstaklega þann hluta sem fellur utan söfnunarviðs safnsins og er ekki hluti af stofngjöf þess. Þetta er sérstaklega mikilvægt því sagt hefur verið um safnkostinn „...að hann ber þess merki að safnið hefur ekki haft sérstaka, yfirlýsta aðfangastefnu nema þá að því leyti að allt efni er varðar atvinnusögu og verkalýðsbaráttu á heima þar og svo efni sem félögum ReykjavíkurAkademíunnar gæti gagnast. Það er hins vegar frekar víð skilgreining. Allt frá bókum eftir Karl Marx og bæklinga með kosningaáróðri kommúnistaflokksins yfir í bækur eftir J.R.R. Tolkien og Gunnar Gunnarsson.”¹⁸ Grisjun er vandaverk og áður en farið er af stað þá þarf að marka stefnu. Þá nálgun á grisjun sem Bráðabirgðastjórn safnsins leggur til að verði notuð má sjá á bls. 11. Það er þó lagt í hendur komandi fagstjórnar safnsins og starfsmanns þess að útfæra þau nánar í samræmi við fagleg viðmið og að hrinda grisjunaráætluninni í framkvæmd.

¹⁸ Kristjana Mjöll, skýrsla

GRISJUN SAFNKOSTS – viðmið og aðferð

Við grisjun úr safnkosti skulu eftirfarandi viðmið höfð til hliðsjónar:

1. Fellur utan söfnunarsviðs safnsins (atvinnu- og verkalýðssaga og handbókasafn RA).
2. Er ekki hluti af stofngjöf safnsins.
3. Inniheldur gamlar eða úreltar upplýsingar sem ólíklegt er að muni nýtast við rannsóknir eða þekkingaröflun. Þetta skal borið undir valda fræðimenn.
4. Er slitið, óhreint eða óheilt.
5. Bara til sem lítil hluti af heild til (t.d. einstaka árgangar eða bindi) og ólíklegt að hægt verði að bæta úr því.
6. Er aðgengilegt á öðrum almenningubókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu.
7. Er aðgengilegt á www.timarit.is eða annars staðar á netinu.
8. Annað sem bókasafns- og upplýsingafræðingur færir fagleg rök fyrir.
9. Stjórn safnsins samþykkir eða synjar tillögum bókasafns- og upplýsingafræðingsins

Við grisjun safnkosts skal eftirfarandi aðferð beitt:

1. Efni metið samkvæmt ofangreindum viðmiðum.
2. Kanna skal á leitir.is hvort efnið sé tiltækt á öðrum söfnum; ef svo er ekki skal bjóða það öðrum opinberum söfnum að gjöf.
3. Ef ekkert bókasafn vill þiggja efnið þá má selja það eða bjóða þriðja aðila að gjöf.
4. Starfsmenn bókasafns, stjórn þess eða stjórnir og starfsmenn Eflingar og RA mega aðeins eignast efni úr bókasafninu þegar þeir hafa sannanlega fylgt ofangreindum þremur stigum.

Þegar bókum er fargað, skal það gert eftir að ofangreindum fjórum skrefum hefur verið fylgt.

II
Bókasafn Dagsbrúnar
aðgerðaáætlun
2021–2023

Hlutverk Bókasafns Dagsbrúnar sem þekkingarmiðstöð verði eftt með markvissum aðgerðum þar sem hugað verði að innviðum safnsins, auknu aðgengi að heimildum og upplýsingum um sögu og þróun verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og verkefnatengdu samstarfi við aðrar stofnanir, félög og samtök.

Innviðir safnsins

- Starfrækja *virkt rannsóknar- og sérfræðibókasafn* og byggja upp og skipuleggja sérhæfðan safnkost á öllum formum (pappír og rafrænt).
 - Starfað er eftir skýrri stefnu um söfnun og grisjun safnkosts.
 - Ný aðföng eru jafnóðum skráð í Gegni (www.leitir.is).
 - Tengsl sköpuð við systurstofnanir á Norðurlöndum og efni safnað þaðan.
- Veita sérhæfða upplýsingaþjónustu sem kynnir notendum safnsins þær fjölmörgu upplýsingaleiðir sem til eru
 - Starfsmaður sinnir þessu verkefni.
 - Safnið kynnt fyrir markhópum þess, t.d. með hjálp samfélagsmiðla og móttöku háskólanema.
- *Stuðla að opnum aðgangi fræðigreina*. Bókasafn Dagsbrúnar taki sér stöðu með þeim bókasöfnum og opinberum stofnunum sem vinna að því að opna aðgang að niðurstöðum rannsókna sem fjármagnaðar eru af opinberu fé.¹⁹
 - Starfsmaður safnsins sinnir þessu verkefni.
- Stofnun hollvinasamtaka sem hafa þann tilgang að styðja við starfsemi bókasafnsins, t.d. með því að útvega fjármagn til verkefna, útvega efni til safnsins og tækjabúnað og ynnu að því að auka sýnileika þess. Slík samtök myndu starfa í samvinnu við stjórn safnsins.

¹⁹ Fræðast má um opinn aðgang sjá vefsíðuna <https://openaccess.is/>. Einnig á síðu Bókasafns Háskólans í Reykjavík: <https://www.ru.is/bokasafn/oa/>. Sjá einnig stefnu Landsbókasafns um opinn aðgang og opin vísindi frá árinu 2016. : „Markmið opins aðgangs (Open Access – OA) er að niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru af opinberu fé séu aðgengilegar á rafrænu formi með eins víðtækum og einföldum hætti og kostur er og nýtanlegar sem flestum án endurgjalds. Höfundar- eða birtingarréttur breytist ekki við útgáfu í opnum aðgangi. Opinn aðgangur stuðlar að því að efla vísinda- og fræðastarf en tilgangurinn er að hraða framþróun í vísindastarfi í allra þágu. Efni í opnum aðgangi er m.a. rannsóknarniðurstöður, rannsóknargögn, lýsigögn og stafræn framsetning texta og myndefnis.“
https://landsbokasafn.is/uploads/stefnur/Lbs-Hbs_Stefna%20um%20opinn%20a%C3%B0gang%202016%20-%20isl%20-%20loka.pdf

Aukið aðgengi

- Með auknu aðgengi skapast yfirsýn yfir óaðgengilegar heimildir um staðbundna þróun íslenskrar atvinnu- og verkalýðssögu sem í dag eru dreifðar á ólíkar stofnanir og félög um allt land.²⁰
 - *Koma á fót vefsíðu* sem viðhaldið er af starfsmanni safnsins. Vefsíðan myndi til dæmis hýsa
 - Upplýsingar um tilvist heimilda á sérsviði safnsins.
 - Innskannað efni á sérsviði safnsins.
 - *Tengla* á innlent og erlent efni á sérsviði safnsins.
 - *Tengla á rannsóknir* á sérsviði safnsins.
 - *Upplýsingar og fróðleikur* um sögu verkalýðsbaráttunnar.
 - Þýðing á efni á vefsíðu í samstarfi við Eflingu – stéttarfélag.

Dæmi um samstarfsverkefni

Skönnun og skráning heimilda og upplýsinga um íslenska verkalýðshreyfingu og atvinnulíf er verkefni sem byggir á samstarfi jafnt við opinberar varðveislustofnanir, verkalýðsfélög og einstaklinga. Í slíkum verkefnum yrði Bókasafn Dagsbrúnar einn þátttakandi af mörgum. Almenn er ekki farið af stað með þau nema fjármagn sé tryggt og að tilgangurinn sé að auka aðgengi samfélagsins að heimildum og upplýsingum.

- Verkefni tengd miðlun atvinnu- og verkalýðssögu til almennings gegnum vefsíðu safnsins.
 - Fjármagna og veita rannsóknarstyrki til MA nemenda í atvinnu- og verkalýðssögu sem lýkur með miðlun á vefsíðu bókasafnsins.
 - Nýta starfræna tækni til þess að búa til vefsýningar, setja upp tímalínur, gera söguna aðgengilega í ferðaöppum og skrifa markvissa texta á Wikipediu.
- Verkefni tengd varðveislu, skráningu og/eða skönnun á heimildum um atvinnu- og verkalýðssögu í samvinnu við varðveislustofnanir og eigendur skjala. Hlutverk bókasafnsins yrði að hafa frumkvæði að slíkum verkefnum og að koma á samstarfi milli aðila. Efnið er áfram varðveitt hjá eigendum þess.
 - Greining, skráning og innskönnun á ljósmyndum. Verulegt magn ljósmynda frá 20. Öld eru til sem varðveita atvinnu- og verkalýðssögu. Mikilvægt er að ná utan um þessar ljósmyndir, skanna þær og gera aðgengilegar almenningi og safna upplýsingum um hvað þær sýna, t.d. í samstarfi við Ljósmyndasafn Íslands eða Ljósmyndasafn Reykjavíkur.
 - Skráning, skönnun og greining á mynda- og skjalasafni Eflingar. Safnið hefur ekki verið skráð og er ekki aðgengilegt gestum.
 - Ítarskráning á smáprenti sem varðveitt er í Þjóðdeild Landsbókasafns og er eingöngu frumskráð í dag.
 - Ítarskráning, skönnun á smáprenti og ljósmyndum innan *Sögusafns verkalýðshreyfingarinnar*. Sögusafnið er varðveitt í Þjóðskjalasafni, það hefur eigin

²⁰ Þá yrði í vefsíðunni gerð grein fyrir bókum og tímaritum sem varpa ólíkum sjónarhornum á atvinnu- og verkalýðssögu og rannsakendum þannig gert kleift að nálgast efni á svipaðan hátt og þegar bókahillur eru skimaðar.

stjórn og þar eru varðveitt skjöl ASÍ og hluta aðildafélaga þess.. Safnið er aðeins frumskráð og hefur verið þannig frá því það var afhent Þjóðskjalasafni til varðveislu.²¹

- Ítarskráning, skönnun á smáprenti og ljósmyndum á skjalasöfnum verkalýðsfélaga sem ekki eru varðveitt í Sögusafni verklýðshreyfingarinnar, heldur eru ýmist varðveitt hjá verkalýðsfélögum eða á héraðsskjalasöfnum um allt land. Ráðgjöf til eigenda um varðveislu skjala fellur þar undir.
- Samstarf við *Vörðu, Rannsóknastofnun vinnumarkaðsins* sem hefur þann tilgang að efla rannsóknir og kennslu á sviði vinnumarkaðar, félags- og efnahagsmála.²²

Aðgerðir

Ný stjórn safnsins tekur til starfa og leggur grunn að eftirfarandi verkefnum, m.a. í samstarfi við framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar:

Fyrsti áfangi – 1. janúar 2021 – 31. desember 2021

Uppbygging safnsins hefst, ýmis verkefni sem þarf að hefja en munu fyrirsjáanlega taka tíma að ljúka.

INNVIÐIR

- a. Bókasafns- og upplýsingafræðingur ráðinn.
- b. Stjórn safnsins fer yfir og bætir stefnu safnsins 2021–2023. Stefnan lögð fram til staðfestingar stjórnar Eflingar – stéttarfélags og stjórnar RA.
- c. Koma á samstarfi við Landsbókasafn og fleiri bókasöfn um opinn aðgang rannsókna og hvetja og aðstoða sjálfstætt starfandi fræðimenn til þess að birta rannsóknir sínar í opnum aðgangi.
- d. Staðsetja safnið sem sérfræðibókasafn meðal bókasafnanna. Skoða þarf sérstaklega snertifleti safnsins við minni aðila t.d. Kvennasögusafnið og Bókasafn Anarkista
- e. Skjóta frekari stoðum undir bókasafnið í samvinnu við Eflingu – stéttarfélag með því að skapa tengsl við fleiri verkalýðsfélög. Gerðir yrðu samningar um fjárframlag

þeirra til reksturs safnsins og/eða til ákveðinna verkefna.

- f. Grisja núverandi safnkost og hefja söfnun á efni sem vantar á safnið, t.d. með því að koma á sambandi við verkalýðsfélög og afla bókaþjafa frá öðrum söfnum, höfundum og útgefendum.
- g. Vinna að kynningarmálum safnsins hjá völdum markhópum, m.a. innan háskólasamfélagsins.
- h. Huga að ástandi hillna og öðru því sem varðar aðbúnað starfsmanns og gesta.
- i. Huga að tölvubúnaði.

AUKIÐ AÐGENGI

- a. Vinna þarfagreiningu fyrir vefsíðuna í samvinnu við verkalýðsfélög, fræðimenn og varðveislustofnanir.
- b. Umsjón Dagsbrúnarfyrirlesturs

²¹ Óskar Völundarson, bls. 6.

²² Varða. Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, www.rannvinn.is/samthyktir

SAMSTARFSVERKEFNI

- a. Skilgreina verkefni og forgangsraða og vinna að því að afla verkefnis- og/eða

rekstrarstyrkja frá félagasamtökum og opinberum stofnunum til ítarskráningar og skönnunar á heimildum.

Annar áfangi – 1. Janúar 2022- 31. Desember 2022

Verkefnum frá fyrsta áfanga er framhaldið.

INNVIÐIR

- a. Tryggja tengsl og upplýsingarflæði við félög innan ASÍ.
- b. Skapa tengsl við systurstofnanir á Norðurlöndum.
- c. Uppfæra söfnunar- og grisjunarstefnu safnsins.
- d. Uppfæra aðgerðaáætlun 2022–2023

AUKIÐ AÐGENGI

- a. Vefsíðan smíðuð og hleypt af stökkunum.

SAMSTARFSVERKEFNI

- a. Verkefni tengd skönnun heimilda, ljósmynda og smáprents hefjast.
- b. Sækja um styrki fyrir einstök verkefni.
- c. Umsókn í Rannís, t.d. í samstarfi við RA og Vörðu.

Þriðji áfangi – 1. Janúar 2023 – 31 . desember 2023

Verkefnum frá fyrsta og öðrum áfanga er framhaldið

INNVIÐIR

- a. Undirbúa nýjan samning milli Eflingar – stéttarfélags og RA
- b. Vinna aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2026

- b. Halda ráðstefnu í samvinnu við hagsmunaaðila

SAMSTARFSVERKEFNI

- a. Verkefnum haldið áfram, sótt um styrki fyrir ný verkefni

AUKIÐ AÐGENGI

- a. Vefsíðu viðhaldið og hún þróuð. Starfsmaður bætir inn efni



Bókasafn Dagsbrúnar

Sérfræðisafn um íslenska verkalýðshreyfingu og vinnumarkað

Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík

www.bokasafndagsbrunar.is

